Verkfræðingafélag Íslands

Fjármála- og efnhahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um drög að stefnu um notkun skýjalausna. Mál nr. 156/2021.

Verkfræðingafélag Íslands telur jákvætt að efla stafræna þjónustu og að stjórnvöld marki stefnu hvað það varðar. Félagið vill nefna sérstaklega eftirfarandi:

Aðgengi að gögnum og þjónustu verði tryggð.
Þó svo að erfitt sé að keppa við stóra erlenda aðila á skýjaþjónustumarkaði, verður að tryggja aðgengileika gagna og þjónustu á Íslandi, þ.e. mikilvæga grunnþjónustu samfélagsins. Við almennt og og víðtækt rof á þjónustu staðsettri erlendis þá verða íslensk stjórnvöld að tryggja eðlilegt þjónustustig. Hið opinbera er stórneytandi á tækniþjónustum. Í stefnu stjórnvalda á að leggja áherslu á til dæmis blandaðar lausnir stórra skýjaþjónustuaðila og innlendrar þjónustu sem tryggir grunnstoðir og þjónustu á Íslandi óháð stöðu heimsmála. Slíkt fyrirkomulag hefur jákvæð áhrif á getu Íslands til framtíðar að halda uppi viðunandi þjónustustigi.

Þekking og nýsköpun.
Með nýtingu á skýjaþjónustum frá erlendum aðilum gæti innlend þekking tapast, sérstaklega í grunninnviðum. Mikilvægt er að Ísland tapi ekki nauðsynlegri þekkingu og stefnan þarf að tryggja að þekking viðhaldist á Íslandi svo að hægt sé að halda uppi viðeigandi þjónustu á hagkvæman máta. Nýsköpun byggir á þekkingu og er forsenda fyrir því að íslenskt samfélag haldi áfram að vera samkeppnishæft í tæknigeiranum. Mikilvægt er að stefna um notkun skýjalausna viðhaldi og ýti undir að byggð verði upp þekking á Íslandi í samstarfi innlendra aðila.

Reykjavík, 10. september 2021.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.